

Nd.

938. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um verzlunarbækur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur bætist: nemi viðskiftin meiru en 2 kr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi ný grein, sem verði 8. gr. svohljóðandi:

Brot gegn 2. gr. varða sektum, í fyrsta sinn eigi lægri en 2 kr., og hækki sektin, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.

3. gr.

3. gr. verði 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur svohljóðandi: Kveði svo mikið að brotum gegn 3. og 5. gr. laga þessara, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum og eftir atvikum missi verzlunarleyfis eitt ár eða lengur.

8. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur verði 10. gr. o. s. frv.

4. gr.

Í stað: »innan árs« í upphafi 8. gr. í lögnum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

5. gr.

Á eftir orðunum: »Í höfuðbók skal rita« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, bætist inn í:

viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða

6. gr.

Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laganna frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, og getur konungur þá gefið löginn þannig breytt út sem lög um verzlunarbækur.

•